

FRÍSTUNDAKORT - REGLUR OG SKILYRÐI

Markmið og tilgangur Frístundakortsins

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Sveitarfélaginu Vogum geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Með Frístundakortinu má greiða að hluta fyrir íþróttaiðkun á vegum félaga og samtaka sem starfa í Vogum og nágrennasveitarfélögunum.

Frístundakortið eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttá.

Skilyrði fyrir veitingu styrkja samkvæmt Frístundakortinu

- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 – 16 ára miðað við fæðingarár.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 10 vikur á önn.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþróttá- eða tómstundagreinar.

Frístundakort er tekið upp frá og með 1. janúar, 2011 og er ekki afturvirk.

Reglur um notkun frístundakorts

- Frístundakortið veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa kr. 3.500.- á önn fyrir hvert barn.
- Hverju ári er skipt í þrjár annir sem gerðar eru upp hver fyrir sig. Upphaf annar er miðað við fyrsta janúar, fyrsta maí og fyrsta september ár hvert.

- Með Frístundakortinu má greiða fyrir **skipulagt** starf sem er stundað undir leiðsögn **viðurkenndra** þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttá- og æskulýðsfélaga.
- Með Frístundakortinu er ekki mögulegt að greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað svo sem tæki og búnað, fatnað, ferðakostnað og þ.h.

- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakortsins þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Börn sem flytja til sveitarfélagsins njóta Frístundakortsins óskerts nema í þeim tilfellum að skráningafrestur félaganna sé runnin út á haustönn, miðað er við 15. október, enda nái þeir iðkendur sem skrá sig eftir þann tíma ekki 10 vikna iðkun það misseri.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður flytji barn úr sveitarfélaginu.

Skráning í frístundakortskerfið

- Á reikningi komi eftirfarandi fram:

Nafn og kennitala félags, nafn og kennitala iðkanda, fyrir hvað er verið að greiða, starfs- eða æfingatímabil, hvenær starfsemi fer fram, hvar hún fer fram.

Framkvæmd uppgjors

Foreldrar framvísi reikningi sem er stimplaður með kvittun gjaldkera. Greitt er 3x á ári. Þann 15. nóvember fyrir haustmisseri, þann 15. júní fyrir sumarmisseri og 1. maí fyrir vormisseri. Reikningar þurfa að hafa borist bæjarskrifstofu tveimur vikum fyrir greiðsludag.

MIKILVÆGUR STUÐNINGUR VIÐ FJÖLSKYLDUR

Með frístundakorti er lögð áhersla á að styðja og hvetja börn og ungmenni í Sveitarfélaginu Vogum til þess að taka þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Frístundakort þetta er tilraunaverkefni. Veittar verða 500 þúsund krónur í frístundakort í heild sinni á árinu 2011. Aðeins verður greitt meðan sú fjárveiting nægir.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir

Vogum 7. apríl, 2011

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga